

- 101 Staðfesting forsetans á skiulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórönnu Jónsdóttur“,
30. maí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1945.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórönnu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um frú Þórönnu Jónsdóttur frá Blönduholti, er andaðist 12. júní 1944, af eftirlifandi manni hennar, Hermanni Guðmundssyni og börnum þeirra, með upphæð 2000 — tvö þúsund — krónur.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórönnu Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi skal vera til styrktar fátækum konum í Kjósarhreppi, er þurfa að dvelja í sjúkrahúsi.

3. gr.

Af árlegum vöxtum sjóðsins skal einn þriðji hluti lagður við höfuðstólinn honum til aukningar, en tveim þriðju hlutum skal varið eins og segir í 2. gr. Ef tveim þriðju hlutum ársvaxtanna er eigi varið öllum eitthvert ár konum til styrktar, skal leggja afganginn þegar við höfuðstólinn, svo og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Hann skal vera undir stjórn þeirra, er skipa stjórn Kvenfélags Kjósarhrepps á hverjum tíma. Hætti áður nefnt félag störfum, skal hreppsnefnd Kjósarhrepps tilnefna fimm konur í hreppnum til þess að hafa á hendi alla stjórn sjóðsins.

Í stjórn Kvenfélags Kjósarhrepps.

Hálsi, 28. maí 1945.

Valgerður Guðmundsdóttir,
formaður.

Kristín Jónsdóttir,
gjaldkeri,

Ólafía Þorvaldsdóttir,
ritari.

- 102
31. maí

AUGLÝSING

um brottfall auglýsingar frá 10. febrúar 1945, um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl. og auglýsingar frá 10. marz 1945, um viðauka við þá auglýsingu.

Auglýsing frá 10. febrúar 1945 um fyrirkomulag fiskflutninga o. fl. og auglýsing um viðauka við þá auglýsingu frá 10. marz 1945, eru úr gildi felldar frá 1. júní 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.